Nr. 931 13. október 2014

# REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð um framhaldsfræðslu, nr. 1163/2011.**

1. gr.

A-liður 3. gr. orðist svo:

lýsingu á aðstöðu í aðalstarfsstöð fræðsluaðila, húsnæði og búnaði, ásamt vottorðum frá yfirvöldum heilbrigðis- og brunamála og lýsingu á aðgengi fatlaðra,

D-liður 3. gr. orðist svo:

staðfestingu á því hvernig fjárhagslegri ábyrgð sé háttað og hvernig fjárhagslegt rekstraröryggi starfseminnar sé tryggt og endurskoðaðan og áritaðan ársreikning næstliðins starfsárs.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 17. gr. laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu, öðlast þegar gildi.

*Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 13. október 2014.*

**Illugi Gunnarsson.**

*Ásta Magnúsdóttir.*

B-deild – Útgáfud.: 28. október 2014